um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Með samþykki ráðherra getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Útflutningsnefnd sjávarafurða skal hafa með höndum eftirgreind störf:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða.
2. Veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum.

   Engar sjávarafurðir má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Útflutningsleyfi getur nefndin bundið skilyrðum, er nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis milli sömu vöruteg-unda sömu gæða og að hver fiskeigandi skuli bera fjárhagsábyrgð á vöru sinni vegna galla.
3. Hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum og annað það, er lýtur að útflutningi sjávarafurða.

3. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa útflutningsnefnd sjávarafurða allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem varðar sölu og útflutning sjávarafurða, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi.

Nefndarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þeir verða áskynja um á þennan hátt.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að aðrar vörur en sjávarafurðir megi ekki bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

5. gr.

Með reglugerð er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur framkvæmd laga þessara, svo sem um löggildingu útflytjanda og um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200000 krónum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 11 12. febrúar 1940.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú um nokkurt skeið hafa heyrzt mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um sölu og útflutning sjávarafurða. Bera þær greinilega vott um allmikla óánægju, er skapazt hefur um ýmsa þætti í framkvæmd þessara mála, enda því nær eingöngu komnar frá þeim framleiðendum sjávarafurða, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi viðskipti.

Í aðalatriðum er núgildandi skipulag á þessa leið:

1. Einn aðili (Sölubandið ísl. fiskframleiðenda) hefur einkaútflutning á saltfiski, og aðrir hafa ekki komið þar til greina.
2. Einn aðili (síldarútvegsnefnd) hefur haft með höndum allan útflutning á saltsíld.
3. Þrír aðilar (Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Fiskiðjuver ríkisins) annast allan útflutning á frosnum fiski.
4. Útflutningur á skreið, fiskimjöli, lýsi og nokkrum fleiri vörum er í höndum allmargra aðila (samlaga og einstaklinga).
5. Útflutningur þeirra vara, sem nefndar eru í 3. og 4. lið, er háður eftirliti ríkisins, sem hefur veitt útflutningsleyfi og ráðið verðlagi. Einn maður hefur farið með þetta eftirlit í umboði ráðherra.

Þetta fyrirkomulag hefur, eins og fyrr er sagt, ekki þótt gefast vel. Með þessu frumvarpi er því gengið inn á nýja braut. Það skipulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að nokkru sniðið eftir dæmi Norðmanna, þó með fyllsta tilliti til sérástæðna okkar Íslendinga. Aðalatriði þessa nýja skipulags eru í stuttu máli þessi:

1. Allur útflutningur sjávarafurða skal vera undir nákvæmu eftirliti sérstakrar útflutningsnefndar, er ráðherra skipar, og er hlutverk hennar ákveðið í 2. gr. frumvarpsins.
2. Allir útflytjendur skulu sækja um útflutningsleyfi til nefndarinnar og fá samþykki hennar fyrir útboðum og sölum.
3. Nefndin fær allvíðtækt vald til að fylgjast með starfi útflytjenda. Hún skal einnig kynna sér markaðsmál og hafa forgöngu um öflun markaða.

Þetta skipulag mun því tryggja sterkari stjórn afurðasölumálanna í heild, eyða þeirri skaðlegu tortryggni, sem fyrr er á minnzt, og tryggja, að misnotkun geti ekki átt sér stað af hendi einstakra útflytjenda. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru. Að sjálfsögðu munu núverandi sölustofnanir halda áfram starfsemi sinni, en með þessu verður sköpuð samkeppni milli þeirra og annarra aðila, sem við útflutning vilja fást, um sem beztan árangur.

Nefndin hefur að sjálfsögðu fullt vald til að hindra, að óeðlileg undirboð geti komið til greina.

Ljóst er, hversu mikilsvert það er fyrir þjóðarhag, að vel takist til um sölu sjávarafurðanna, og koma þar mörg sjónarmið til greina, verðlagið, nýting vöruskiptamarkaða, öflun frjáls gjaldeyris o. fl. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nefndarskipun þeirri, er um ræðir í 1. gr. Aðalhlutverk nefndarinnar verður að veita útflutningsleyfi og kynna sér allar aðstæður í sambandi við það, setja skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem athuganir hennar leiða í ljós, að nauðsynleg séu, svo sem um verðjöfnun sömu vörutegunda sömu gæða og að einstakir framleiðendur, sem selja vörur sínar fyrir milligöngu sölusamtaka, beri ábyrgð á vöru sinni, þannig að ef óhjákvæmilegt reynist að veita afslátt frá kaupverði vörunnar vegna galla, þá beri hlutaðeigandi framleiðandi fjárhagsábyrgðina.

Nauðsyn ber til, að eftirlit sé einnig haft með sölu og útflutningi annarra vara en sjávarafurða, og er ríkisstjórninni því veitt heimild í 4. gr. frumvarpsins til þess að ákveða, að sala og útflutningur þessara vara sé háður leyfisveitingum. Hér er fyrst og fremst átt við landbúnaðarafurðir og vörur af erlendum uppruna, og er frumvarpsgreinin staðfesting á eldri reglu.

Í 5. gr. frumvarpsins er heimild til að skipa fyrir um allt, er við kemur framkvæmd laganna, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmd. Í 5. gr. gildandi reglugerðar, nr. 109 6. september 1948, er leyfisgjald ákveðið 1‰ af útflutningsverðmætinu.